

L Ö G

um aukið húsnæði í þarfir ríkisins og stofnana þess.

59

12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa hús, áfast Arnarhváli í Reykjavík, fyrir skrifstofur ríkisins og stofnanir þess, enda verði byggingunni hagað þannig, að hæstiréttur geti fengið þar hæfilegt húsnæði fyrst um sinn, ef henta þykir.

2. gr.

Til þeirra framkvæmda, er ræðir um í 1. gr. þessara laga og í 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynlegt lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um laun starfsmanna ríkisins.

60

12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Launaflokkar ríkisins eru 16, og ákveðast laun í hverjum flokki þannig:

I. flokkur	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
I. flokkur	kr. 15000	kr. 15000
II. —	— 14000	— 14000
III. —	— 13000	— 13000
IV. —	— 12000	— 12000
V. —	— 11100	— 11100
VI. —	— 10200	— 10200
VII. —	— 7200	— 9600
VIII. —	— 6600	— 9000
IX. —	— 6000	— 8400
X. —	— 6000	— 7800